

# Tómstundasjóður barna flóttafólks búsettra á Íslandi -úthlutunarreglur-

## **Forsaga tómstundasjóðs**

Seinni part ársins 2015 leituðu nokkrir aðilar til Rauða krossins með fjárframlög sem þeir vildu gefa til tómstunda barna flóttafólks búsettra hér á landi. Til að skapa umgjörð um framlögin var ákveðið að setja á fót sjóð sem úthlutað yrði úr til tómstunda barna flóttafólks. Eftirfarandi reglur gilda um sjóðinn:

### **1.gr. – tilgangur**

Tilgangur sjóðsins er að styðja flóttabörn, 17 ára og yngri búsett hér á landi til að stunda þær tómstundir sem ekki fást styrkir fyrir annarsstaðar. Með flóttabörnum er átt við börn sem koma án fylgdarmanna, börn flóttafólks sem boðin er búseta hér á landi (kvótaflóttafólk), börn flóttafólks sem fær stöðu flóttamanns eða viðbótarvernd í kjölfarumsóknar um alþjóðlega vernd og börn fólks sem fær vernd af mannúðarástæðum eftir umsókn um alþjóðlega vernd. Til viðbótar getur hjálpar- og mannúðarsvið sótt um leikföng, ritföng eða námskeiðsgjöld fyrir hópa barna í leit að alþjóðlegri vernd.

### **2.gr. – umsjón og kynning**

Sjóðurinn var settur á fót í tilraunaskyni til tveggja ára og er í umsjón landsskrifstofu. Sjóðurinn er vistaður á fjáröflunar- og kynningarsviði. Landsskrifstofa hefur því umsjón með móttöku framlaga í sjóðinn, hvort sem farið er í sérstaka söfnun eða stök framlög.

Fjáröflunar- og kynningarsvið landsskrifstofu veitir deildum upplýsingar og ráðgjöf um sjóðinn auk þess að halda utan um hverjir hafa fengið úthlutað út sjóðnum og hve mikið.

### **3.gr. – styrkhæfar tómstundir**

Styrki úr sjóðnum má veita til hvers kyns tómstunda barna enda er það val barnanna og fjölskyldna þeirra hvaða tómstund er stunduð. Styrkir geta því verið fyrir námskeiðum, tónlistarnámi, íþróttaiðkun, dansnámi eða annars konar tómstund og ferðum þeim tengdum. Hjálpar- og mannúðarsvið getur sótt um í sjóðinn skv. ákvæði 1. gr.

### **4.gr. – umsóknir**

Sótt er um í sjóðinn til deildar í búsetusveitafélagi. Deildir á ákveðnu svæði geta ákveðið að fela einni deild umsjón með umsóknum í sjóðinn og skal þá umsækjendum vísað þangað. Hver deild skal þó eftir fremsta megni leitast við að aðstoða umsækjendur við að komast í samband við rétta umsóknardeild.

Umsækjendur leggja fram reikninga og fylla út sérstakt eyðublað þar sem eftirfarandi kemur fram:

- hver sækir um.
- fyrir hverju er sótt.
- fyrir hve háa upphæð.
- inn á hvaða reikning á að leggja styrkinn.
- gefið er leyfi til að kanna hvort aðrir styrkir hafi fengist fyrir því sem sótt er um.
- dagsetning og undirskrift umsækjanda.

Deildir ákvarða hvort umsókn uppfylli skilyrði um styrkhæfa tímstund í samræmi við 3.gr. þessara reglna. Uppfylli umsókn skilyrði 3.gr. sendir deild umsóknareyðublað ásamt reikningum umsækjanda til fjáröflunar- og kynningarsviðs landsskrifstofu á netfangið [tomstundasjodur@redcross.is](mailto:tomstundasjodur@redcross.is). Fjáröflunar- og kynningarsvið samþykkir greiðslur og kemur þeim til fjármálasviðs sem greiðir út styrki. Fjáröflunar- og kynningarsvið heldur yfirlit yfir styrkþega, til hvers þeir fengu styrk og á hvaða tíma á þar til gerðu yfirlitsskjali.

#### **5.gr. – úthlutanir**

Úthluta má úr sjóðnum til barnanna allt þar til þau hafa fengið búsetuleyfi hér á landi eða í allt að 4 ár frá því þau hljóta stöðu flóttamanns eða fá vernd af mannúðarástæðum.

Hægt er að sækja um tvisvar á ári fyrir hvert barna. Úthlutað er allt að 30.000 kr. á ári á barn. Ef styrkur er veittur fyrir hámarksupphæð í einni úthlutun fæst ekki önnur úthlutun það ár. Hjálpar- og mannúðarsvið getur sótt um fyrir allt að 100.000 á ári sbr. 1.gr.

#### **6.gr. – endurskoðun**

Endurskoða skal reglur þessa og hámarksupphæð úthlutunar á ári fyrir lok hvers árs. Skal sú endurskoðun vera unnin í samvinnu landsskrifstofu og þeirra deilda sem tekið hafa á mótí umsóknum í sjóðinn til þess tíma.

*Reglur þessar voru unnar af fulltrúum samskiptasviðs, hjálpar- og mannúðarsviðs, Rauða krossins við Eyjarfjörð, Rauða krossins í Kópavogi, Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ og Rauða krossins í Reykjavík í janúar 2016.*

*Reglur þessar voru endurskoðaðar af fulltrúum samskiptasviðs, fulltrúum skrifstofu framkvæmdarstjóra, Rauða krossins við Eyjarfjörð og Rauða krossins í Reykjavík 15.12.2017*

*Reglur þessar voru endurskoðaðar af fulltrúa innanlandssviðs, kynningar- og fjáröflunarsviðs, skrifstofu framkvæmdarstjóra, hjálpar- og mannúðarsviðs, svæðisfulltrúum og Rauða krossins í Reykjavík 14.12.2018*